

ÚTHLUTUNARSKILMÁLAR IÐNAÐARLÓÐIR HOLTAEVERFI – IÐNDALUR

1. grein

Bæjarstjórn úthlutar iðnaðarlóðum.

2. grein

Umsóknir skulu berast bæjarstjórn á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu www.vogar.is eða á skrifstofu bæjarins.

3. grein

Eftirfarandi atriði skulu m.a. koma fram á umsóknum eða fylgja umsókn:

- Starfsemi fyrirtækisins og notkunargildi húss.
- Lengd byggingatíma.
- Ósk um stærð lóðar.
- Upplýsingar um stærð húss og hæð.
- Fjöldi starfa við viðkomandi fyrirtæki.
- Skil á ársreikningi fyrir fyrirtækið s.l. 2 ár.
- Staðfesting frá ríki og sveitarfélagi um skil á opinberum gjöldum.

Ef ekki eru veittar tilskyldar upplýsingar í viðkomandi reiti eyðublaðsins telst umsókn ógild. Komi í ljós eftir lóðarúthlutun að lóðarhafi hafi veitt rangar og eða villandi upplýsingar vegna lóðarumsóknar er heimilt að afturkalla lóðarúthlutun.

4. grein

Deiliskipulag Í holtahverfi gerir ráð fyrir grófum iðnaði, svo sem vélsmiðjum og jarðvinnuverktakafyrirækjum. Rík áhersla er lögð á að skapa snyrtilegt umhverfi og því getur Skipulags- og bygginganefnd gert kröfu um að girt verði umhverfis lóðina að hluta eða öllu leyti. Einnig eru gerðar kröfur um útlit bygginga er snúa að aðkomu inn í sveitarfélagið.

5. grein

Í deiliskipulagi fyrir holtahverfi er m.a. kveðið á um kröfur um hæð girðinga og takmarkanir á lofthæð.

6. grein

Nýtingahlutfall takmarkast við stuðulinn 0,50 þannig verði bygging á t.d. 5.000 fm lóð eigi stærri en 2.500 fm. Lágmarks nýtingarhlutfall takmarkast við stuðulinn 0,30 þannig að bygging á t.d. 5.000 fm lóð verði ekki minni en 1.500 fm. Skipulags- og bygginganefnd getur í sérstökum tilvikum samþykkt frávik frá ofangreindum stuðlum.

7. grein

Ef sveitarfélagið er eigandi lóðar þá er lóðarleigusamningur til 75 ára gerður, þegar sökklar hafa verið steyptir og teknir út af byggingafulltrúa.

8. grein

Sökklar skulu vera steyptir eigi síðar en 8 mánuðum eftir úthlutun lóðar eða 4 mánuðum eftir að gatnagerð er lokið. Hús skal vera fokhelt eigi síðar en 8 mánuðum eftir að sökklar hafa verið steyptir. Lóðarfrágangi þ.m.t. uppsetning girðingar, ef krafist er, skal vera lokið innan 2ja ára frá lóðarúthlutun.

9. grein.

Gatnagerðagjöld eru lögð á miðað við fermetra byggingar samkvæmt gildandi gjaldskrá, en þó aldrei lægra en sem nemur lágmarks nýtingarhlutfalli 0,30.

10. grein

50% gatnagerðagjalda skulu staðgreidd eigi síðar en einum mánuði eftir að lóð hefur verið úthlutað. Eftirstöðvar skulu staðgreiddar áður en byggingaleyfi er gefið út.

11. grein

Lóðarleiga er innheimt með fasteignagjöldum í byrjun hvers árs og er nú 1,4% af fasteignamati lóðar.

12. grein

Ef ákvæðum 8. og 10. greinar er ekki fylgt eftir, áskilur bæjarstjórn sér rétt til að afturkalla lóðarumsóknina eða beita dagsektum. Tilkynna skal lóðarhafa í ábyrgðarbréfi eða með öðrum sambærilegum hætti að úthlutun sé fallin úr gildi.

Samþykkt í Bæjarstjórn Voga 28. mars 2006.